

Reykjavíkummaráþon
Engjavegi 6
104 Reykjavík



Hellu 1. febrúar 2017
UST201701-159/H.Á.
09.08.00

Efni: Laugavegshlaup 2017

Vísað er til erindis Reykjavíkummaráþons dags. 16. janúar 2017 þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til að halda Laugavegshlaup, hlaupaviðburð kenndan við Laugaveg eða gönguleiðina á milli Landmannalauga innan Friðlands að Fjallabaki og Húsadals á Þórsmörk, laugardaginn 15. júlí nk.

Friðland að Fjallabaki er friðlýst, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 354/1979. Umferð gangandi fólks er heimil um svæðið, enda fylgi það merktum stígum í Landmannalaugum og annars staðar þar sem við á og gengið sé snyrtilega um svæðið. Friðlandið er á rauðum lista Umhverfisstofnunar vegna mikils ágangs ferðamanna á náttúru svæðisins.

Lýsing framkvæmdar:

Samkvæmt erindi umsækjanda hefur Reykjavíkummaráþon undanfarin 20 ár gengist fyrir áður nefndum hlaupaviðburði. Áætlaður fjöldi þáttakenda er allt að 500 manns og starfsfólk um 50 talsins. Sérstök áhersla verður lögð á öryggi og að keppendur gangi vel um og hendi ekki rusli á leiðinni. Allir þáttakendur verða upplýstir um umgengnisreglur á Laugaveginum sem eru m.a. þær að fara eftir merktri leið FÍ, að henda engu rusli á leiðinni og bera með sér eigið rusl. Þáttakendur munu skrifa undir skjal þess efnis að þeir hafi lesið reglur og skipulag og ætli að fara eftir þeim. Reglur hlaupsins eru á vefsíðunni marathon.is/Laugavegur.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur litlar líkur á að framkvæmd hlaupsins muni valda spjöllum á friðlýstum náttúruminum, og að rask verður minniháttar ef farið verður að þeim skilyrðum sem sett eru í leyfi þessu. Telur stofnunin því litlar líkur á að hlaupið muni hafa áhrif á verndargildi Friðlands að Fjallabaki.

Skilyrði

Umhverfisstofnun heimilar, fyrir sitt leyti, sbr. 5. tl. reglna um friðlandið í auglýsingu nr. 354/1979, að Laugavegshlaupið verði haldið árið 2017 með eftirfarandi skilyrðum:

1. Stjórnendur hlaupsins skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en hlaup hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd hlaupsins. Í áætluninni skal m.a. koma fram fjöldi þáttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að hlaupi loknu.
2. Stjórnendur hlaupsins gefi sig fram við landverði svæðisins og upplýsi þá um upphaf hlaupsins og lok þess. Sérfræðingur friðlandsins er Hákon Ásgeirsson og símanúmer hans er 822-4019.

3. Stjórnendur tryggi að við þjónustu vegna hlaupsins verði ekki ekið utan vega; að eingöngu verði ekið á merktum vegum.
4. Stjórnendur tryggi að þátttakendur og starfsmenn hlaupsins leggi ekki bílum sínum utan bílastæða. Í lýsingu á framkvæmd hlaupsins, sjá lið 1, skal koma fram hvernig þátttakendur og starfsmenn hlaupsins komast á staðinn.

Umhverfisstofnun telur brýnt að áfram verði bæði þátttakendum og starfsmönnum ekið í Landmannalaugar í rútum til að draga úr álagi á svæðunum.

5. Þátttakendur og starfsmenn hlaupsins haldi sig á gönguleið alla leið frá upphafsstöð að endastöð hlaupsins. Stjórnendur hlaupsins skulu upplýsa þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á gönguleiðum til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri meðfram Laugavegi. Gönguleiðin Laugavegur kann að vera strjált stikuð að hluta. Því er afar brýnt að aðstandendur hlaupsins sjái til þess að bæta við merkingum á þeim svæðum þar sem gönguleiðin er ógreinileg til að fyrirbyggja að fólk hlaupi til hliðar við gönguleið með tilheyrandi raski og jafnvel myndun hliðarstíga.

Brýnast er að passa vel upp á framangreint og merkja leiðina vel á viðkvæmum svæðum á borð við mosa- eða lyngmóa og votlendi, á hverasvæðinu suður af Hrafninnuskeri og niður Jökultungur. Eins er mikilvægt að staðkunnugir starfsmenn hlaupsins beini þátttakendum inn á gönguleiðina þar sem þörf krefur.

6. Áningarstaðir á leiðinni, drykkjarstöðvar, verði áfram á malarplani við skála þar sem ekki er hætt á að svæði með viðkvæmum gróðri raskist.
7. Aðstandendur hlaupsins tryggi að ekki verði skilið eftir neitt rusl á víðavangi, hvorki á/við gönguleiðir, á áningarstöðum, né á upphafs- og endastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar, flögg, sem notuð verða til að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægð strax að hlaupi loknu.
8. Fara skal eftir lýsingu framkvæmdar, líkt og hún birtist í umsókn framkvæmdaraðila. Umhverfisstofnun óskar eftir því að verða upplýst ef einhverjar breytingar verði á.


Leyfisgjald


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætt er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun innheimta kostnað fyrir eftirlit í tengslum við undirbúning hlaupsins, á meðan það stendur yfir og frágang. Áætlað stofnunin að í það fari 2 klst. Innheimt verður samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar, 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri


Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur